

er hér liggur fyrir, er vísað til ýmissa gagna, er matsmenn hafa haft til umráða, svo og til ýmissa atriða, er þeir hafa talið máli skipta um álit sitt. Þá hafa matsmenn gefið margháttadar skýringar hér fyrir dóminum varðandi álitsgerðina. Verður því eigi talið efni standa til að skylda matsmanninn til að leggja fram bókanir um aðrar athuganir hans á börnunum, sem hann kann að hafa gert.

Samkvæmt þessu framanskráðu verður matsmaðurinn dr. Matthías Jónasson ekki skyldaður til að leggja fram bókanir þær, sem krafizt er af lögmanni vitnastefndu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Matsmanninum, dr. Matthíasi Jónassyni, er eigi skylt að leggja fram framangreindar bókanir.

Miðvikudaginn 5. marz 1958.

Nr. 23/1958. **Sveinbjörn Þorsteinsson, Bjarni Þorsteinsson
og Sigríður Sigurjónsdóttir**
gegn
**Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt
í Eckernförde.**

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Synjað um að leggja spurningar fyrir matsmann. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa 22. janúar þ. á. kært úrskurð héraðs-dómara til Hæstaréttar, og barst sú kæra dóminum 17. f. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, þannig að synjað verði um að leggja greindar spurningar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson og varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðiljans Sveinbjörns Þorsteinssonar og matsmannsins Matthíasar Jónassonar.

Matsmennirnir báðir, Matthías Jónasson og Broddi Jóhannesson, hafa lýst því fyrir dómi, að þeir hafi ekki kynnt sér heimili það, sem spurningar 1 a–e lúta að. Eru spurningar þessar því þýðingarlausar og verða þær því ekki lagðar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936.

Einnig verður að telja, að matsmenn hafi veitt fullnægjandi svör við 2. spurningu í álitserð sinni og sé spurningin því þýðingarlaus. Ber því og að synja þess, að sú spurning verði lögð fyrir matsmanninn Matthías Jónasson.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og skal ekki leggja framangreindar spurningar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1958.

Mál þetta er rekið fyrir bæjarþinginu sem vitnamál. Vitnastefnendur eru Sveinbjörn Þorsteinsson, Reykjavík, og Bjarni Þorsteinsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, hjón að Hurðarbaki í Borgarfirði, en vitnastefndi er Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjüngendamt í Eckernförde í Þýskalandi.

Það er forsaga vitnamáls þessa, að Sveinbjörn Þorsteinsson bjó um skeið með þýzkri stúlku, Gundela Louise Deutschländer að nafni, en eigi voru þau gift. Sveinbjörn og Gundela Louise áttu saman tvö börn, Gunnar Deutschländer, fæddan í Slesvík 21. nóvember 1953, og Thoru Deutschländer, fædda í Reykjavík 5. febrúar 1955. Hinn 12. maí 1956 andaðist Gundela Louise. Börnunum mun þá hafa verið komið fyrir hjá hjónunum Bjarna og Sigríði að Hurðarbaki í Borgarfirði, en Bjarni er bróðir Sveinbjarnar. Stúlkubarnið mun hafa dvalið hjá þeim hjónunum óslitið síðan, en drengurinn mun hafa dvalið með föður sínum á heimili hans og

Svölu Einarasdóttir hér í Reykjavík frá því um haustið 1956 fram til vorsins 1957, en farið þá með þeim að Hurðarbaki og dvalið þar með þeim sumarið, en þá farið til Bjarna og Sigríðar að Hurðarbaki og dvalið þar síðan.

Í októbermánuði 1956 höfðaði Kreisjugendamt i Eckenförde sem yfirlögráðandi framangreindra barna mál á hendur Sveinbirni Þorsteinssyni og krafðist þess, að hann léti bæði börnin af hendi til sín. Byggði Kreisjugendamt þessa kröfu sína í málinu á því, að börnin væru þýzkir ríkisborgarar. Um afstöðu þeirra bæri því að fara að þýzkum lögum, en samkvæmt þeim sé Kreisjugendamt hinn rétti forsjáradili barnanna.

Dómur í máli þessu var uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 25. maí 1957. Aðiljar skutu málinu til Hæstaréttar. Sá dómur kvað upp úrskurð í málinu hinn 22. nóvember 1957 á þá leið, að „áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Afla álits tveggja dómkvaddra sérkunnáttumanna í sálarfræði og uppeldisfræði um það, hvort ástæða sé til þess að ætla, að afhending sú og flutningur úr landi, sem krafizt er af hálfu aðaláfrýjanda á börnum þeim, er í málinu greinir, muni hafa skaðleg áhrif á sálarlíf barnanna.

2. Að leggja álitsgerð hinna dómkvöddu manna fyrir barnaverndarráð og fá umsögn þess um málið“.

Til þess að gefa álit þetta voru dómkvaddir á bæjarþinginu þeir dr. Broddi Jóhannesson og dr. Matthías Jónasson.

Álitsgerð þeirra er dagsett 21. desember f. á. Er vitnamál þetta rekið hér fyrir bæjarþinginu vegna álitsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna.

Í þinghaldi hinn 14. þ. m. var fyrir dóminum annar matsmannanna dr. Matthías Jónasson. Meðal annarra spurninga, er lagðar voru fyrir matsmanninn af hálfu vitnastefnda, voru þessar:

„1. Samkvæmt ágripí II, bls. 34, er áformað af hálfu Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarasdóttur, að þau ali upp Gunnar Deutschländer, en Thoru systur hans hafa Hurðabakshjónin boðizt til að ala upp. Í því sambandi óska ég að spyrja matsmanninn:

a) Hafa matsmenn skoðað heimili Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarasdóttur?

b) Hversu eru heimilishagir þeirra?

c) Hvernig telur matsmaðurinn, að mundi vera samkomulag milli húsfreyjunnar Svölu og Gunnars?

d) Hversu myndi um sambúð barna þeirra Sveinbjarnar og Svölu, fæddra 1945, 1949 og 1950, við hinn óskilgetna son Sveinbjarnar, Gunnar Deutschländer?

e) Telur matsmaðurinn slíkt heimili munu vera heppilegt til uppeldis Gunnari?

2. Er heppilegt vegna uppeldis barnanna, að þau alist upp sitt í hvoru lagi, svo sem áformað er af Sveinbirni Þorsteinssyni (sbr. ágríp II, bls. 34)?“

Lögmaður vitnastefnanda mótmælti því, að spurningar þessar yrðu lagðar fyrir matsmanninn, þar sem formáli sá, sem fyrir spurningunni er hafður, sé rangur. Sveinbjörn Þorsteinsson hafi lýst því yfir fyrir dómi, að hann sé fallinn frá þeirri fyrirætlan, að drengurinn Gunnar alist upp hjá honum og Svölu Einarsdóttur. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Matsmenn hafa við samningu álitsgerðarinnar haft til umráða dómskjöl öll í Hæstaréttarmáli því, sem rekið er milli málsaðilja og er forsenda vitnamáls þessa. Einnig hafa matsmenn fyrir dómi svarað spurningum varðandi heimili Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarsdóttur svo og samband drengsins Gunnars við það heimili. Þykir því eigi vera neitt til fyrirstöðu því, að framangreindar spurningar verði lagðar fyrir matsmanninn dr. Matthías Jónasson.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Heimilt er að leggja framangreindar spurningar fyrir vitnið dr. Matthías Jónasson.
